

Írland:

Er stöðugleikinn í hættu?

Efnahagsleg velgengi Íra sl. áratug er að flestu leyti öfundsverð. Hagvöxtur hefur þar verið meiri en í nokkru öðru OECD-landi og lífskjör batnað hröðum skrefum. Nýlega hefur þó einn skugga borið á þessa velgengi. Verðbólga hefur aukist mjög á sl. ári. Í september sl. mældist 12 mánaða verðbólga 6,2%, þriðja mánuðinn í röð. Á mælikvarða hinnar samræmdu vísitölu neysluverðs EES-landa var verðbólgan 5,5%, en undirliggjandi verðbólga, þ.e.a.s. að undanskildum tímabundnum þáttum, er nokkru minni. Þróun mála á Írlandi er áhugaverð vegna stöðu landsins á jaðri Efnahags- og myntbandalags Evrópu og sakir þess að við stofnun myntbandalagsins var staða efnahagsmála þar frábrugðnari löndunum sem mynda kjarna myntbandalagsins en í nokkru öðru aðildarlandi. Hvernig Írlandi vegnar innan bandalagsins er því nokkur prófsteinn á getu þess til að kljást við vandamál sem fylgja sameiginlegri peningastefnu landa sem eru mismunandi að gerð og voru við stofnun myntbandalagsins stödd á mismunandi stigi hagsveiflunnar. Í aðdraganda stofnunar EMU þurftu Írar að lækka vexti umtalsvert, þrátt fyrir að hagvöxtur væri með eindæmum ör og flestar aðstæður krefðust aðhaldssamrar peningastefnu. Í þessari grein er nýlegri efnahagsþróun á Írlandi lýst, lagt mat á hvort aukin verðbólga ógni stöðugleika efnahagsmála til lengri tíma litið og hvaða þýðingu aðilds landsins að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu hefur í því sambandi.

Nokkur hækkun hlutfallslegs verðlags er eðlileg í ljósi lífskjarabyltingar sem hefur orðið á Írlandi...
Árangur Íra í efnahagsmálum sl. áratug er slíkur að hann stenst fyllilega samanburð við uppganginn í hraðvaxtarlöndum Asíu. Fyrir tveimur áratugum var Írland eitt af fátækustu löndum Vestur-Evrópu, en lífskjör þar nálgast nú óðum meðallífskjör í ESB-löndum. Árið 1993 var þjóðarframleiðsla á mann ennþá aðeins 60% af meðaltali Evrópusambandsins. Árið 1999 var hlutfallið komið upp í 90%. Þegar slík nálgun lífskjara á sér stað má gera ráð fyrir að verðlag í þeim löndum sem verr stóðu í upphafi hækki hlutfallslega miðað við hin betur stæðu lönd. Þar sem Írland hefur ekki lengur sjálfstæðan gjaldmiðil getur aðlögun verðlags einungis orðið fyrir til-

stilli verðbreytinga. Að hluta til má því líta á aukna verðbólgu á Írlandi sem aðlögun að verðlagi þeirra evrulanda sem best standa.

...en mikill hagvöxtur og tímabundnar aðstæður ráða mestu um aukna verðbólgu nú

Tilhneiging til aðlögunar að verðlagi í helstu löndum myntbandalagsins er þó tæpast nema meðverkandi þáttur þeirrar verðbólguuppsveiflu sem nú stendur yfir. Helstu ástæður þess að verðbólga hefur aukist jafn skyndilega og raun ber vitni eru að líkindum eftirfarandi:

- Skammtíma vextir á Írlandi, sem ráðast af vöxtum á evrusvæðinu í heild, eru lágir með hliðsjón af þeim hagvexti sem verið hefur undanfarin ár. Miðað við verðbólgu síðustu 12 mánaða eru skammtímaraunvextir neikvæðir.

1. Höfundur er deildarstjóri á hagfræðisviði Seðlabanka Íslands.

Tafla 1 Írland: yfirlit efnahagsmála¹

%-breyting milli ára sé ekki annað tekið fram	1997	1998	1999	2000 ¹	2001 ²
Einkaneysla	7,3	7,4	7,8	8,0	8,0
Samneysla	4,8	5,9	3,6	4,8	3,8
Fjármunamyndun	17,4	16,8	11,6	11,0	11,3
Þjóðarútgjöld	9,5	9,4	7,6	8,2	8,2
Útflutningur	17,0	20,5	14,0	17,1	11,1
Innflutningur	16,1	23,2	14,5	16,3	11,7
Landsframleiðsla	10,7	8,9	8,7	9,9	8,0
Atvinnuleysi,					
% vinnuafli	10,4	7,6	5,5	3,6	3,3
Jöfnuður hins					
opinbera, % af VLF	0,6	2,2	1,7	2,0	4,8
Viðskiptajöfnuður,					
% af VLF	2,5	2,0	0,3	0,9	-0,3
Verðlag einkaneyslu.....	2,5	3,7	3,8	4,2	3,8

1 Áætlun. 2 Spá.

Heimild: OECD, Economic Outlook, júní 2000.

- Eftirspurnarspenna hefur því að líkindum vaxið meira en hún hefði gert ef peningastefna Íra væri sjálfstæð.
- Gengi evrunnar hafði í september lækkað um u.þ.b. fjórðung gagnvart Bandaríkjadal og 13% gagnvart bresku pundi (hafði lækkað enn meira þegar gengi pundsins stóð sem hæst) frá stofnun myntbandalagsins. Þar sem Bandaríkjadalur og sterlingspund vega þyngra í utanríkisviðskiptum Íra en flestra annarra þjóða myntbandalagsins eru verðlagsáhrif lágs gengis evrunnar sérstaklega sterk þar.² Miðað við samsetningu utanríkisviðskipta Íra námu verðlagsáhrif gengisbreytingar evrunnar frá ársbyrjun 1999 til síðsumars árið 2000 u.þ.b. 10%, sem fer nærri því að samsvara hækkun innflutningsliðar vísitölu heildsöluverðs.
- Skattar á tóbak hafa verið hækkaðir verulega og hefur tóbak hækkað í verði um 17,5% sl. 12 mánuði. Áhrif verðhækkunar tóbaks á vísitölu neysluverðs hefur verið tæplega 1%.
- Með eindæmum mikil verðhækkun fasteigna á sér að hluta til rætur í mannfjöldaþróun og breyttri fjölskyldugerð sem í samhengi við stór-


2. U.þ.b. helmingur vöruinnflutnings Íra árið 1999 kom frá Bretlandi og Bandaríkjunum, þar af rúmur þriðjungur frá Bretlandi, og 37% írskis útflutnings fóru til þessara landa.

aukna atvinnu og öran vöxt ráðstöfunartekna hefur leitt til meiri spurnar eftir húsnæði en framboð fær annað, en framboð húsnæðis er fremur óteyg- ið til skamms tíma lítið.³

Líkt og á Íslandi hefur húsnæðiskostnaður hækkað töluvert á Írlandi á liðnu ári eða um tæp 17% og skýrir sú hækkun rúmlega 1% af hækkun vísitölnunnar. Eldsneyti hefur hækkað á Írlandi sem annars staðar, en meiru máli skiptir tæplega 7% verðhækkun þjónustu, sem skýrir tæplega 1% af hækkun vísitölnunnar, og verðhækkun matvæla, sem skýra rúmlega 1% af hækkun vísitölnunnar. Verðhækkun matvæla hefur þó verið nokkru minni en heildarhækkun vísitölnunnar eða 4,6%.


Mynd 1

Breyting undirþátta vísitölu neysluverðs yfir 12 mánuði (%)



Að ýmsu leyti er verðlagsþróun á Írlandi sláandi lík hérlandri þróun verðlags. Í báðum tilvikum hefur hækkun húsnæðisverðs haft umtalsverð áhrif á vísitölna, þótt þau séu reiknuð með nokkuð öðrum hætti á Írlandi, og verðhækkun þjónustu og vísitöluáhrif eru álíka mikil í löndunum. Gengisþróunin hefur hins vegar verið mun óhagstæðari verðlagsþróun á Írlandi en launaþróun hagstæðari. Á Írlandi hækkuðu laun í iðnaði um 2,9% árið 1997, 5,3% árið 1998 og 6% árið 1999. Þetta eru mun hóflegri launahækkanir en á Íslandi auk þess sem framleiðni hefur aukist meira á Írlandi.⁴ Þetta kann hins vegar að breytast eftir því sem atvinnuleysi minnkar, en reiknað er með 3,6% meðalatvinnuleysi á yfirstandandi ári saman-

3. Atvinna jókst um 30% á árunum 1993-1999. Árleg aukning ráðstöfunartekna heimilanna nam 7% að raungildi á sama tímabili.



borið við 10,6% árið 1997. Aukin verðbólga, lítið atvinnuleysi og mikill framleiðnivöxtur í hávaxtar- greinum munu á næstu árum líklega þrýsta upp launum á öllum sviðum og leiða til þess að verðlag heimavöru hækkar gagnvart verðlagi samkeppnis- vöru. Innflutningur vinnuafis, sem hefur verið veru- legur á undanförunum árum, kann þó að létta á þrýst- ingnum.

Felur verðbólguuppsveiflan í sér hættu fyrir mynt- bandalagið?

Því hefur verið haldið fram að verðbólguuppsveiflan á Írlandi sýni alvarlega bresti í gerð myntbanda- lagsins, sem jafnvel feli í sér hættu á upplausn þess. Engin hættu er þó á að tímabundið meiri verðbólga á Írlandi en í öðrum evrulöndum leiði til þess að verðbólgan fari varanlega úr böndum. Ástæðan er hin sama og ástæða þess að Írar þurfa nú tímabundið að búa við meiri verðbólgu en í öðrum löndum mynt- bandalagsins. Þar sem Írar hafa ekki sjálfstæðan gjaldmiðil er engin hættu á að tímabundin verðbólgu- uppsveifla og raungengishækkun grafi undan gengi gjaldmiðilsins og gengislækkun ýti undir áfram- haldandi verðbólgu. Þar sem gengislækkun írska pundsins gagnvart evru er ekki möguleg mun verð- bólga að endingu hjaðna vegna aukinnar samkeppni frá öðrum löndum myntbandalagsins eftir því sem

hlutfallslegt verðlag á Írlandi gagnvart öðrum evru- löndum hækkar. Jafnframt mun rýrnandi sam- keppnisstaða að endingu draga úr ofpenslu. Þar að auki eru ytri ástæður verðbólgunnar að verulegu leyti tímabundnar. Vextir á evrusvæðinu eru nú á uppleið og þess að vænta að gengi evrunnar, sem hefur verið lágt sökum meiri hagvaxtar og hærri vaxta í Banda- ríkjunum en á evrusvæðinu, muni styrkjast er fram líða stundir. Áhrif skattahækkunar á tóbak eru einnig tímabundin.

Þótt ekki sé ástæða til að ætla að verðbólgan á Írlandi nú feli í sér alvarlega langtímaógnun við stöðugleika efnahagsmála á Írlandi eða í myntbanda- laginu gæti mjög ör hækkun verðlags umfram verð- lag í myntbandalaginu valdið ákveðnum skamm- tímaerfiðleikum á Írlandi. Hækki verðlag meira en samrýmist langtíma jafnvægi mun það leiða til óhag- stæðrar samkeppnisstöðu og draga tímabundið óæskilega mikið úr hagvexti. Til þessa hefur lækkun evrunnar hins vegar gert meira en vega á móti hækk- un verðlags. Ör vöxtur útflutnings bendir enda til þess að langt sé þangað til að versnandi samkeppnis- staða kæfi þann öra hagvöxt sem ríkt hefur undan- farin ár. Sú staðreynd að afgangur verður á viðskipta- jöfnuði á þessu ári, að rekstur hins opinbera hefur skilað álitlegum afgangi undanfarin ár og að sparn- aður heimilanna er umtalsverður bendir ekki til þess að þjóðarþúskaður Íra sé, a.m.k. ennþá, svo alvarlega genginn úr jafnvægi að búast megi við snörpum afturkippu á næstunni. Hitt er annað mál, að sennilega mun hvort eð er draga úr hagvexti á næstu árum eftir því sem bilið minnkar milli Írlands og þeirra ríkja myntbandalagsins sem fremst standa.

Hættan á skyndilegum afturkippu tengist einkum því að þær tímabundnu aðstæður sem nú kynda undir verðbólgu og öflugum hagvexti breytist snögglega. Hækki t.d. gengi evrunnar mjög hratt gagnvart Bandaríkjadal og bresku pundi gæti samkeppnisstaða Írlands versnað verulega umfram önnur evrulönd, vegna hlutdeildar nefndra landa í írskum utanríkis- viðskiptum og undangenginnar verðlagshækkunar.

Fjármálakerfi Írlands stendur traustum fótum en eignaverðbólga og ör útlánvöxtur fela í sér lang- tímaáhættu.

Þótt gjaldeyriskreppa sé útilokuð vegna aðildar að myntbandalagi er ekki loku fyrir það skotið að harka- legur afturkippur í kjölfar ofpenslu dragi dilk á eftir

4. Með því að deila vexti atvinnu í vöxt landsframleiðslu má fá vísbend- ingu um framleiðnivöxt. Þannig reiknuð jókst framleiðsla árlega um 4,4% árin 1995-1999, sem er meira en helmingi meiri framleiðniauk- ning en á Íslandi. Framleiðniaukningin kemur skýrast fram í iðnaðar- framleiðslu. Ofangreint tímabil nam árleg lækkun launakostnaðar á framleiðda einingu að meðaltali u.þ.b. 6%. Heimild: IMF.

sér. Slíkur afturkiptur gæti orðið mun harkalegrí en ella hafi undangengin eignaverðbólga og ör vöxtur útlána grafið svo undan heilbrigði fjármálakerfisins að bankakreppa hljótist af þegar bólan í eignaverði springur. Bankakreppa gæti magnað afturkiptinn með því að valda lánsfjárrurrð. Írland hefur nýlega gengist undir viðamikla greiningu og mat á fjármála- legum stöðugleika á vegum Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.⁵ Niðurstaða þeirrar grein- ingar er í meginatriðum jákvæð. Sérfræðingar stofn- ananna komust að þeirri niðurstöðu að fjármálakerfi Írlands sé háþróað, standi á traustum fótum og hafi auðveldlega staðið af sér sviptingar í fjármálakerfi heimsins. Eiginfjárstaða bankakerfisins sé góð, gæði eigna þess mikil, starfsemin dreifð, bæði landfræði- lega og milli geira, og hagnaður meiri en hjá evrópskum samkeppnisaðilum. Eigi að síður er þess getið að núverandi aðstæður feli í sér áhættu fyrir heilbrigði fjármálakerfisins, m.a. sökum nýjunga í fjármálaþjónustu, aukinnar samkeppni og örs útlána- vaxtar sem að hluta til tengist uppsveiflu í eigna- verði.

Vöxtur útlána hefur verið afar ör undanfarnir 3 ár. Í ágúst sl. nam tólf mánaða vöxtur útlána til einka- geirans 26½% og hefur hann að jafnaði verið á bilinu 20-30% frá því í árslok 1997. Þótt öran vöxt útlána megi að hluta til rekja til stofnaðlögunar,⁶ hefur al- menn eftirspurnarþensla og hækkun fasteignaverðs einnig átt hlut að máli. Ástæða er til að gefa upp- sveiflu fasteignaverðs á Írlandi sérstakan gaum. Í ágúst sl. hafði fasteignaverð hækkað um 22% á 12 mánuðum og fasteignaverðbólga var enn meiri fyrir á árinu. Árin 1996-1999 hækkaði húsnæðisverð að meðaltali um 17% á ári, samtals um 90%. Að raun- gildi nam hækkunin 77%. Uppsöfnuð hækkun fast- eignaverðs á Írlandi er nú orðin meiri en í ýmsum löndum, t.d. Bretlandi, Svíþjóð, Finnlandi og Noregi, þar sem fasteignaverði bólgnáði á síðari hluta níunda áratugarins.

Ekkert OECD-land hefur á undanförunum 20 árum orðið fyrir álíka hækkun fasteignaverðs og Írland á síðustu árum án verðhruns síðar, enda má að jafnaði einungis rekja lítinn hluta verðhækkunar fasteigna til hærri byggingarkostnaðar. Fyrst og fremst er um

Tafla 2 Tímabil eignaverðbólgu í nokkrum þróuðum löndum

Land/ svæði	Tímabil	Fjöldi ára	Meðal- hækkun hús- næðis- verðs	Upp- söfnuð raun- hækkun	Lækkun 4 árum eftir upp- sveiflu	Hlutfall hækk- unar sem gekk til baka
Írland	96-99	4	15,3	77
Bretland	86-89	4	14,1	69	-25	62
Ítalía	89-91	3	14,9	52	-12	36
Japan	86-90	5	11,9	76	-25	57 ¹
Danmörk	83-86	4	10,4	48	-26	81
Finnland	87-89	3	16,3	57	-46	127
Noregur	85-87	3	13,0	44	-31	102
Spánn	86-91	5	18,4	133	-16	27
Svíþjóð	87-89	3	10,5	35	-26	98
<i>Bandaríkin:</i>						
Connecticut ..	83-88	6	11,8	95	-24	50
Massachusetts	83-87	5	15,3	104	-19	38
New Hampsh.	84-88	4	14,6	72	-25	60
New Jersey ..	84-89	5	12,6	81	-19	42
New York	82-88	7	10,2	98	-13	26
Rhode Island	85-88	4	16,1	82	-17	38

Heimildir: Ireland: Selected Issues and Statistical Appendix, IMF Staff Country Report nr. 00/99.

1. Þess ber að gæta að mun stærrí hluti hækkunar japansks fasteignaverðs hefur nú gengið til baka, enda hefur landverð lækkað í níu ár samfleitt.

hækkun lóðaverðs að ræða. Þegar lagt er mat á líkur á verðhruni og hversu mikið það gæti hugsanlega orðið á e.t.v. best við að bera uppsveifluna í írsku fasteignaverði saman við fasteignaverðbólgu tímabilið í Hong Kong og Singapur á miðjum 9. áratugnum, enda svipar hagþróun í þessum löndum að ýmsu leyti til framvindu efnahagsmála á Írlandi. Í Hong Kong og Singapur rúmlega þrefaldaðist fasteignaverð á tíu ára tímabili, en að loknu verðhjöðnunartímabili var fasteignaverð ennþá tvöfalt hærra en í byrjun upp- sveiflunnar.

Verðhrun á fasteignamarkaði hefði sennilega um- talsverð áhrif á heildareftirspurn, enda eign íbúðar- húsnæðis almenn á Írlandi. Seðlabanki Evrópu komst þó að þeirri niðurstöðu í nýlegri skýrslu⁷ að enn sem komið sé ógni verðhrun á fasteignamarkaði ekki írsku bankakerfinu. Skuldir heimilanna séu t.d. ennþá fremur hóflegar, greiðslubyrði tiltölulega létt vegna

5. Joint Bank-Fund Financial Assessment Program (FSAP).

6. Í árslok 1999 nam hlutfall útlána af landsframleiðslu 87%, samanborið við 95% á evrusvæðinu.

7. European Central Bank: *Asset Prices and Banking Stability*, apríl 2000.

lágri vaxta og veðskuldir minni en í öðrum sambærilegum löndum þegar fasteignaverð var í hámarki. Þótt lánveitingar til fasteignakaupa hafi aukist hröðum skrefum að undanfögnu, eru fasteignalán enn til-
tölulega lágt hlutfall af heildarútlánum bankakerfisins, eða 10%.

Hrun fasteignaverðs gæti eigi að síður haft umtalsverð áhrif á heilbrigði fjármálakerfisins. Vegna þess hve fasteignamarkaðurinn er næmur fyrir hagsveiflum getur tiltölulega vægur samdráttur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir þá fjárfesta sem lagt hafa umtalsvert fé í fasteignir á hámarksverði. Þegar fasteignaverð hækkar mjög ört á skömmum tíma getur eftirspurn að sama skapi þurrkast upp skyndilega. Hlutfall húsnæðisverðs af ráðstöfunartekjum bendir til þess að húsnæðis kaup séu nú orðin eins óhagstæð og þau hafa nokkurn tíma verið, enda húsnæðisverð í Dublin nú orðið með því hæsta sem gerist í Evrópu. Vegna lágri vaxta hefur greiðslubyrði hins vegar ekki vaxið að sama skapi. Að meðaltali vörðu heimilin 20% tekna sinna til afborgana og vaxtagreiðslna af húsnæðisveðskuldum árið 1999, sem er nokkru lægra en mest varð árið 1982 og helmingi lægra hlutfall en þegar breska fasteignaverðbólgan 1986-1989 var í hámarki. Hækki vextir hins vegar verulega mun greiðslubyrði aukast að sama skapi, einkum hjá nýjum kaupendum.

Hvernig er hægt að bregðast við ofpenslu innan myntbandalagsins?

Aðild Írlands að myntbandalagi takmarkar vissulega möguleika stjórnvalda til þess að bregðast við ofpenslumerkjum í þjóðarbúskapnum. Í sjálfu sér þarf það ekki að leiða til skyndilegra umskipta. Samkeppnisstaða rýrnar vegna meiri verðhækkunar en í samkeppnislöndum og framleiðsla færir í auknum mæli yfir í heimavörur. Að því tilskildu að um hæg-fara aðlögun sé að ræða þarf kostnaður ekki að vera mikill. Hugsanlega, eins og vikið hefur verið að, gætu umskiptin þó orðið skyndileg, sérstaklega ef eignamarkaður er yfirspenntur og peningalegt aðhald eykst á myntsvæðinu á óheppilegum tíma. Stjórnvöld kunna því að vilja bregðast tímanlega við ofpenslu-einkennum með öðrum úrræðum en peningalegu aðhaldi.

Eitt af því sem til greina kemur er að beita mót-vægisáðgerðum á sviði ríkisfjármála. Tvennt gerir þó markvissa beitingu ríkisfjármála við þessar aðstæður

tormerkjum háða. Í fyrsta lagi kann að vera erfitt að réttlæta auknið aðhald á sviði ríkisfjármála þegar staða þeirra er mjög sterk fyrir eins og á Írlandi nú. Í öðru lagi eru margföldunaráhrif ríkisfjármálaáðgerða fremur lítil í jafn opnu hagkerfi og því írska. Aðhaldsaðgerðir á sviði ríkisfjármála þurfa því að vera stórar í sniðum eigi þær að hafa tilætluð áhrif á innlenda eftirspurn. Ýmsar umbætur á samkeppnis-háttum, umgjörð launamyndunar o.fl. kerfisbætur koma einnig til greina þótt þær beinist ekki beinlínis gegn hagsveiflunni, en þær þurfa að vera tímanlegar eigi að vera nokkur von um að þær mildi afleiðingar ofpenslu í þjóðarbúskapnum.

Fræðilega ætti að vera mögulegt að beita sjálfstæðri peningastefnu til þess að draga úr ofpenslu á fasteignamarkaði og milda verðhjöðnun. Það er því áhugaverð spurning hvort sjálfstæð peningastefna hafi í reynd gagnast þjóðum sem upplifað hafa álíka ofpenslu á fasteignamarkaði og Írland nú. Reynslan af fasteignabólunum á Norðurlöndum og Bretlandi bendir ekki til að hægt sé að ganga að því sem vísu. Hvergi hefur fasteignaverð gengið jafn kyrrfilega til baka að lokinni uppsveiflu og á Norðurlöndunum í byrjun 10. áratugarins. Í Finnlandi og Noregi gekk meira en öll fyrri verðhækkun til baka (130% í Finnlandi).⁸ Sjálfstæð peningastefna og gjaldmiðill gögn-uðust löndunum ekki til þess að koma í veg fyrir verðhrun. Þvert á móti má ætla að brostið traust á peningastefnunna og fall gjaldmiðlanna hafi átt sinn þátt í að magna hrunið. Þess ber þó að geta að fast-gengisstefna og afnám hafta á fjármagnshreyfingar hafa líklega heft framkvæmd sjálfstæðrar peninga-stefnu og e.t.v. orðið til þess að stjórnvöld brugðust ekki nægilega tímanlega við ofpenslumerkjum. Hvað sem því líður má draga þá ályktun að írsk stjórnvöld hefðu ekki endilega verið í betri stöðu til að tryggja stöðugleika með sjálfstæðan gjaldmiðil og aðild að ERM, gengistilhögun Evrópusambandsins, forvera myntbandalagsins.

Niðurlag

Óhjákvæmilegt er að hin sameiginlega peningastefna myntbandalagsins henti ekki ævinlega öllum svæðum þess. Hið sama gildir raunar um ólík svæði innan þjóðríkjanna sem að myntbandalaginu standa. Þann

8. Sjá Ireland: Selected Issues and Statistical Appendix, IMF Staff Country Report nr. 00/99, ágúst 2000.

ágalla verður að veða á móti kostum þess að tilheyra myntbandalagi. Ekki er þó sjálfgefið að Írland væri í betri stöðu til að kljást við þann vanda sem nú ógnar einna helst stöðugleikanum þótt landið hefði sjálfstæðan gjaldmiðil. Stærsti vandinn kann að vera pólitísks eðlis, í löndum þar sem aðild að myntbandalagi er mjög umdeild. Ekki verður annað séð en að þokkalega góð sátt ríki um aðild Írlands að myntbandalaginu. Tímabundin vandamál sem aðildinni fylgja eru því ólíkleg til að leiða til pólitískra átaka um áframhaldandi aðild landsins að myntbandalaginu er stuðlað gætu að upplausn þess. Hins vegar er líklegt að eignaverðbólga síðustu ára muni hafa einhver eftirköst er fram líða stundir.

Heimildir

European Central Bank: *Asset Prices and Banking Stability*, apríl 2000. <http://www.ecb.int/>.

Hagstofa Írlands, vefsíður. <http://www.cso.ie/>.

Ireland: Selected Issues and Statistical Appendix, Staff Country Report nr. 00/99, ágúst 2000

<http://www.imf.org/external/country/IRL/index.htm>.

Ireland: Staff Report for the 2000 Article IV Consultation, IMF Staff Country Report nr. 00/97, ágúst 2000.

<http://www.imf.org/external/country/IRL/index.htm>.

OECD Economic Outlook, OECD, júní 2000.

Seðlabanki Írlands, vefsíður. <http://www.centralbank.ie/-index.htm>.